



96. stjórnarfundur	Dagsetning	20.11.2025
	Tími	16:00
	Fundi lauk	16:36
	Staðsetning	Flugvelli 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Einar Jón Pálsson, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, og Eypór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.

Forföll: Sigursveinn Bjarni Jónsson.

Dagskrá fundar

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra 1
2. Staða fjármála 1
3. Erindi frá Reykjanesbæ..... 2
4. Æfingarsvæði Ferjutröð..... 2
5. Önnur mál 2

Fundagerð

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fer yfir tölfræði útkalla í október. Verkefni slökkviliðs voru 30 á móti 22 í október 2024. Verkefni sjúkrabíls í október voru 366 á móti 337 árið 2024. Þar af voru 128 forgangsflutnignar.

Slökkviliðsstjóri kynnir stöðu samnings við Sjúkratryggingar Íslands vaðandi rekstur sjúkraflutninga á Suðurnesjum, en samningar eru lausir um áramótin.

Brunavarnaáætlun er í endurskoðun en hefur tafist vegna anna hjá HMS sem og nánari vinnslu við áhættumat. Vonast er til þess að hægt verði að leggja áætlunina fyrir sveitarfélögin í janúar 2026.

Kynnt er fyrir stjórn áttak sem Brunavarnir Suðurnesja eru að fara í sambandi við félagastuðning og Innri viðrun eftir erfið útköll. Einnig er verið að koma á fót samstarfi við Keflavíkurkirkju varðandi þessi málefni.

Þrír starfsmenn luku námi sem atvinnukafarar í byrjun nóvember og eru nú 4 atvinnukafarar innan liðsins. Eru þeir komnir á útkallslista hjá neyðarlínu.

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn þær endurbætur rýma innan slökkvistöðvar sem eru í gangi þessa dagana.

2. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála.



3. Erindi frá Reykjanesbæ

Erindi tekið fyrir frá stjórnarfund Nr.94. Fyrir liggur viðauki við stofnsamning Brunavarna Suðurnesja frá 27. maí. 2015. Reykjanesbær óskar eftir því að heimilt verði með viðauka við stofnsamning, að rekstrarframlög til Brunavarna Suðurnesja séu greidd af Reykjanesbæ milli 5. og 14. hvers mánaðar. Stjórn samþykkir erindið og einnig er samþykkt að sama eigi við aðra eigendur.

4. Æfingarsvæði Ferjutröð

Slökkviliðsstjóri leggur fyrir drög að lóðarleigusamningi vegna æfingarsvæðis við Ferjutröð. Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að samningnum.

5. Önnur mál

Slökkviliðsstjóri ræður mikilvægi þess að bæta við dælubíl hjá Brunavörnum Suðurnesja. Núverandi bílar eru komnir til ára sinna og dælugeta liðsins er í lágmarki miðað við áhættumat sem unnin hafa verið við brunarvarnaráætlun. Einnig hafa eldri bílar verið að bila og er einn dælubíll búinn að vera bilaður framan að vetri

Stjórn felur slökkviliðsstjóra að kanna með kaup á dælubíl með ásættanlegri dælugetu að mati slökkviliðsstjóra og leggja tillöguna fyrir stjórn.

Fundi slitið kl.16:36.